

108. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps 17.11 2015 kl:13.00

Mætt: Kjartan Magnússon formaður, Sigurður Árnason, Rannveig Bjarnadóttir, Sigurlaug Jónsdóttir, Anna Gyða Gunnlaugsdóttir hjúkrunarforstjóri, Einar Bárðarson og Elín Heiða Valsdóttir. Einnig sveitarstjóri Sandra Brá Jóhannsdóttir fundinn vegna vinnu við fjárhagsáætlun Klausturhóla.

Formaður býður fundarmenn velkomna og gengið er til dagskrár sem var send út með fundarboði.

1. Sveitarstjóri fer yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Farið er yfir sundurliðun áætlunarinnar nokkrar breytingar eru gerðar á drögum að áætluninni, hækkun á launaliðum auk þess sem fjármagn til viðhalds er hækkað. Samhliða gerð fjárhagsáætlunar ársins 2016 óskar rekstrarnefnd eftir því við Sveitarstjórn Skaftárhrepps að skuld heimilissins við Skaftárhrepps verði felld niður á fjórum árum. Rekstrarnefnd Klausturhóla óskar eftir því að Sveitarstjórn Skaftárhrepps geri ráð fyrir húsnæðisstyrk við gerð fjárhagsáætlunar Skaftárhrepps vegna ársins 2016.
2. Fyrir liggur bréf dagsett 17. Nóvember 2015 frá KPMG. Í bréfinu eru lagðar fram leiðir og tillögur að aðkomu Klausturhóla að framkvæmdum á neðri hæð heimilissins. Rekstrarnefnd fer yfir tillögurnar og mun í framhaldi að óska eftir fundi með fulltrúum Velunnarasjóðs Klausturhóla um málið. Fulltrúar nefndarinnar verða Kjartan Magnússon formaður rekstrarnefndar og Anna Gyða Gunnlaugsdóttir hjúkrunarforstjóri. Einnig óskar nefndin eftir því að sveitarstjóri sitji fundinn fyrir hönd Skaftárhrepps. Anna Gyða kallar fundinn saman.
3. Önnur mál. Inn á fundinn berst fyrsta tillaga að teikningu af íbúð á neðri hæð Klausturhóla.

Fleira ekki gert á fundi

Fundi Slitið kl 14:40



Kjartan Magnússon




Elín Heiða Valsdóttir




Einar Bárðarson

Sigurður Árnason



Sigurlaug Jónsdóttir



Anna Gyða Gunnlaugsdóttir

